

því verði ekki hjá því komizt að taka hin framkomnu mótmæli gerðarþola, gegn framgangi gerðarinnar, til greina.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 10/1933. Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)
gegn
h/f Sindra (Enginn).

Útsvarsálagning samkv. 8. gr. útsvarslaganna.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. dez. 1932: Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 28. apríl og 31. maí þ. á. var mætt í því af hálfu beggja málsaðilja, en því frestað í bæði skiptin, en við fyrirtekt málsins 19. júní er málið skyldi flutt, mætti enginn af stefnda hálfu og hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík vorið 1931 var stefnda, h/f „Sindra“, gert að greiða 3000 kr. útsvar til Reykjavíkur, og er stefndi greiddi ekki gjald þetta krafðist bæjargjaldkeri Reykjavíkur, að útsvarið væri tekið lögtaki, en með úrskurði, uppkveðnum 31. dez. f. á., neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. febr. þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur.

ur og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur til málskostnaðargreiðslu.

Það er upplýst, að hið stefnda hlutafélag hafði skrifstofu sína í Reykjavík, þar bjó framkvæmdarstjóri þess og a. m. k. meiri hluti stjórnar, umrætt útsvarsár 1930 og árið 1931, þegar útsvarið var á lagt.

Svo er það og upplýst, að nokkru leyti með nýjum skjölum, sem lögð hafa verið fram í hæstarétti, að skip stefnds b/v „Sindri“ var að mestu gerður út frá Reykjavík umrætt útsvarsár og framan af gjaldárinu. Verður því að telja, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, hafi félaginu raunverulega verið stjórnað í Reykjavík og hið löglega heimilisfang þess verið þar.

Þessu fær það ekki breytt þó félagið og skip þess hafi verið skrásett í Hafnarfirði, þar sem félagið hafði þar enga skrifstofu né yfirleitt neitt aðsetur, sem máli geti skipt í þessu sambandi, því að enga þýðingu getur það haft, hvar skipið liggur milli vertíða. Eigi skiptir það heldur máli um heimilisfang h/f „Sindra“ vorið 1931 þegar útsvarið var á lagt, þó b/v „Sindri“ legði þá upp afla sinn í Hafnarfirði, þegar af þeirri ástæðu að þá hafði annað hlutafélag skipið á leigu.

Samkvæmt þessu var stefndi útsvarsskyldur í Reykjavík árið 1931, er útsvarið var lagt á, sbr. upphaf 8. gr. útsvarslaganna, og fær það ekki leyst stefndan undan þeirri skyldu, þó að á sama ári hafi einnig verið á hann lagt útsvar í Hafnarfirði.

Því ber að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak. Eftir þessum úrslitum

verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður er úr gildi felldur og ber fógætanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, h. f. Sindri, greiði áfrýjanda, bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að h/f Sindri hefir eigi fengið til að greiða útsvar það að upphæð kr. 3000,00, er félaginu var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1931, samkvæmt aðalniðurfjöfnun fyrir það ár, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafist lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga, og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógætaréttarins.

Gerðarþoli byggir neitun sína, um greiðslu útsvarsins á því, að hann sé búsettur í Hafnarfirði og hafi átt þar heimili frá öndverðu, enda sé bæði félagið og skip þess, togarinn „Sindri“, skrásett þar. Auk þess hafi skipið milli veiðitúra legið í Hafnarfirði, skipshöfnin þaðan og afli þess lagður upp í Hafnarfiði. Gerðarþoli hefir og lagt fram vottorð, rískj. 8, undirritað af Lofti Bjarnasyni, í Hafnarfirði, um að togarinn „Sindri“ eign gerðarþola, hafi vetrar- og vorvertiðina 1931 verið leigður h/f „Júni“ í Hafnarfirði. Togarinn hafi lagt út frá Hafnarfirði 13. marz og verið haldið úti til 7. júní og hafi skipið lagt upp allan aflann í Hafnarfirði. Vottorði þessu hefir eigi verið mótmælt.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið sé útsvarsskyldt í Reykjavík, enda þótt félagið eða skipið sé eigi skrásett þar, þar sem stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri sé búsettur hér og hér hafi félagið skrif-

stofu og þessvegna sé hið raunverulega heimilisfang félagsins hér, auk þess sem hér muni hafa verið lagt upp eitthvað af afla skipsins.

Það er upplýst og viðurkennt í málinu, að félagið og skip þess er skrásett í Hafnarfirði og á því heimilisfang þar. Hinsvegar er það alveg óupplýst hvort eða að hve miklu leyti skipið kann að hafa lagt upp hér.

Með tilliti til þess og málfærslunnar að öðru leyti, verður rétturinn að líta svo á, að gerðarþoli sé ekki útsvarsskyldur hér samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna, heldur fari um útsvarsskyldu hans eftir 9. gr. sömu laga, og að því verði ekki hjá því komizt, að taka hin framkomnu mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar til greina.

Föstudaginn 23. júní 1933.

Nr. 33/1933. **Meyvant Sigurðsson**

gegn

Jóhönnu M. Björnsdóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Meyvant Sigurðsson, er eigi mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefndu, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
